

Þóra Björk Hjartardóttir

Íslenzk-færeysk orðabók

Jón Hilmar Magnússon: *Íslenzk-færeysk orðabók. Íslensk-føroysk orðabók*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2005. ISBN 9979-66-179-8. 877 bls.

1 Inngangur

Útgáfa *Íslenzk-færeyskrar orðabókar* (ÍF hér eftir) er fagnaðarefni öllum unnendum þessara náskyldu frændtunga. Bókin er fyrst sinnar tegundar en íslensk-færeyskur orðalisti yfir algeng íslensk orð sem ekki eiga sér samsvaranir í færeysku var gefinn út árið 1995 að tilstuðlan færeysku málnefndarinnar (*Íslendskur-føroyskur orðalisti* 1995). Færeysk-íslenskri orðabók eða stuttum orðalista er hins vegar ekki til að dreifa en höfundur ÍF upplýsir í formála að slík orðabók sé í undirbúningi. Það sýnir best kraft og hug höfundar að ráðast strax í annað stórvirki eftir að hafa komið frá sér þessu mikla eljuverki sem ÍF er.

Bókin er alfarið frumkvæði höfundar, sprottin af áhuga á orðasöfnun og orðfræði og þörf fyrir að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og Færeyinga en höfundur tengist Færeyjum í gegnum fjölskyldubönd. Ekki kemur hins vegar fram í formála hvernig kunnáttu höfundar sjálfs á færeysku máli er háttað. Bókin er eins manns verk en nokkrir vel kunnir færeyskir málfræðingar og orðabókarhöfundar lásu yfir handritið og gera má ráð fyrir að vinna þeirra hafi fyrst og fremst falist í yfirferð yfir færeysku þýðingarnar og eykur það mjög gildi orðabókarinnar. Höfundur naut enn fremur aðstoðar ýmissa annarra, bæði í

Færeyjum og á Íslandi, og er þeirra allra getið aftan við formála en ekki kemur fram í hverju sú aðstoð fólst (sjá bls. 11). Útkoma bókarinnar vakti mikla athygli í Færeyjum og var höfundur heiðraður af færeyska menntamálaráðherranum sem sýnir vel hug Færeyinga til þessa verks og hversu mikilvæga þeir telja orðabókina fyrir samskipti þjóðanna (sjá *Morgunblaðið* 19. janúar 2006).

Ekki er ætlunin hér að fjalla um bókina út frá orðabókarfræðilegri aðferðafræði nema að litlu leyti heldur beina sjónum að almennu notagildi bókarinnar og huga fyrst og fremst að íslenska orðaforðanum en láta færeysku þýðingarnar liggja að mestu á milli hluta enda vart á færi undirritaðrar að leggja mat á hversu til hefur tekist.

2 Umfang og eðli

ÍF er mikil að vöxtum, tæplega 900 síður tvídálka í stóru broti og eru uppflettiorð um 51.000. Bókin telst því með stærri tvímála bókum íslenskum og er t.d. mun efnismeiri en *Íslensk-þýsk orðabók* með 30.000 uppflettiorðum eða *Íslensk-ensk orðabók*.¹ Stuttur formáli, ritaður bæði á íslensku og færeysku, er að bókinni þar sem greint er frá tildrögum hennar og rakin nokkur mikilvæg atriði í sögu færeyskrar tungu. Skrá er yfir skammstafanir, færeyskar sem íslenskar, sem notaðar eru í bókinni og athygli vekur hversu mikið er af séríslenskum skammstöfunum þar sem vænta mætti að málfræðilegar skýringar væru á markmálinu, færeysku, eins og venja er í tvímála orðabókum. Leyst er úr hverri skammstöfun á báðum málunum og er færeyska heitið skáletrað til aðgreiningar. Eins og alvanalegt er í orðabókum er birtur listi yfir skýringartákn sem notuð eru til að merkja sértækan orðaforða og málsnið en óvanalegri er birting skrár um orðtekin rit og eru þau nokkuð mörg og af fjölbreyttum toga.

Engar upplýsingar er hins vegar að finna um vinnulag við samningu bókarinnar eins og hvaða viðmið voru höfð að leiðarljósi við afmörkun orðaforðans í flettugreinunum, hverjum bókin er einkum ætluð, Færeyingum eða Íslendingum eða báðum hópum, né heldur notendaleiðbeiningar af neinu tagi. Það er óneitanlega afar bagalegt fyrir almenna notendur sem og þá sem vilja rýna frekar ofan í bókina

¹Engar upplýsingar er að finna um fjölda uppflettiorða í henni en hún er rúmlega 500 síður tvídálka í sama broti og ÍF en prentuð með stærra letri.

til að átta sig á eðli hennar og notkunarmöguleikum. Óbeint má þó fá upplýsingar um vinnulag af skránni um orðtekin rit. Þar eru tilgreindar *Íslensk-dönsk orðabók* Sigfúsar Blöndals (1920–24) og *Íslensk orðabók*, önnur útgáfa frá 1983 (*ÍO* hér eftir). Ætla má því að orðaforðagrunnurinn, uppbygging flettnanna og málfræðilegar upplýsingar með uppflettiorðunum byggja á þessum bókum og þó einkum á *ÍO*.² Færeyska einmála orðabókin, *Føroysk orðabók* sem út kom 1998, er þarna einnig svo gera má ráð fyrir að stuðst hafi verið við hana í þýðingum á uppflettiorðunum. Á skránni eru einnig sérhæfðar bækur bæði færeyskar og íslenskar um fugla-, fiska- og plöntulíf en til þeirra hefur án efa verið sóttur að einhverju leyti sá sérfræðiorðaforði sem finna má í bókinni á þessum sviðum. Þó nokkuð er einnig af sérfræðiorðum af ýmsum öðrum sviðum í bókinni, eins og fyrrnefndur listi um skýringartákn fyrir sértækan orðaforða gefur til kynna, en heimilda um þau ekki getið.

Það sem hins vegar vekur athygli einkum í skránni um orðtekin rit er að þar á meðal eru „Ýmis frumsamin verk eftir færeyska höfunda“ (bls. 14) og eru þar nefndir m.a. Christian Matras, Heðin Brú og Símun av Skarði. Í engu er þó greint frá því hvernig þessi rit voru notuð, hvort þau hafi t.d. beinlínis verið orðtekin sem væri nokkuð sérstakt því orðtaka hlýtur fyrst og fremst að vera notuð til að afmarka orðaforða viðfangsmálsins, íslensku í þessu tilviki. Orðaforði markmálsins, færeysku í þessu tilfelli, markast hins vegar af viðfangsmálinu, uppflettiorðum viðfangsmálsins: þau mynda grunninn sem unnið er út frá. Ekki er ljóst hvernig skilja ber færeysku orðtökuna en e.t.v. mætti draga þá ályktun að *ÍF* hafi verið unnin upp úr færeyskum grunni, orðabókinni sem og þeim færeysku ritum sem tilgreind eru í fyrrnefndri skrá, og grunninum síðan verið umsnúið á íslensku og íslensku þýðingarnar látnar standa sem flettiorð. Þau orð sem lesa má aftan á kápusíðunni styðja þessa hugmynd óneitanlega en þar stendur: „Íslensk-færeysk orðabók ... nær til u.þ.b. alls þess sem talað er og skrifað á **færeyska** tungu; í bókmenntum og listum, í tækni- og fræðigreinum sem og í nútíma talmáli“.³ Af þessum orðum mætti ráða að færeyskur orðaforði hefði stýrt vinnunni við smíði orðabókarinnar. Sú er hins vegar ekki raunin því þegar grannt er skoðað og bókin borin

²Eins og fram kemur í grein Guðrúnar Kvaran (1998) er orðaforðinn í *ÍO* að stórum hluta sóttur til Orðabókar Sigfúsar Blöndals.

³Feitletrun mín.

saman við *ÍO*, sem einnig var tiltekin í skrá um orðtekin rit eins og fram hefur komið, kemur í ljós að orðabókargrunnur *ÍF* virðist svo til alfarið unninn upp úr *ÍO* eins og gerð verður grein fyrir í næstu köflum.

Ekki verður velt vöngum frekar yfir því hvaða markmiði orðtekin færeysk rit þjónuðu við gerð orðabókarinnar en óneitanlega kviknar sú tilfinning að markhópurinn hafi ekki verið nógu skýr og að ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvort orðavalið bæri að miða við færeyska notendur fyrst og fremst, eins og vænta mætti þegar um er að ræða þýðingarorðabók af íslensku, eða íslenska notendur sem vilja vita hvað hlutirnir heita á færeysku. Vissulega eru tvímála orðabækur aldrei alveg einskorðaðar við annan hópinn heldur gerðar þannig úr garði að báðir hópar geti haft gagn að þeim og á það kannski einkanlega við um orðabækur milli mála þar sem ekki eru til fyrir neinar orðabækur eða fáar. Hins vegar er grunnurinn, sjálft orðavalið og þýðingarnar, oftast sniðinn að öðrum hópnum þótt tvímála orðabækur geti yfirleitt nýst báðum hópum en þó á ólíkan hátt: öðrum hópnum til skilnings á merkingu orða í viðfangsmálinu og hinum til leiðbeiningar um orðaval og málnotkun í markmálinu (sbr. Sanders 2005:41–44; Jón Hilmar Jónsson 2005:23–24).

3 Orðaval og orðabókargrunnur

3.1 Afmörkun orðaforða

Stór hluti orðaforða íslensku og færeysku er sá sami eins og gefur að skilja um svo náskyld tungumál. Einkum á þetta við um grunnorðaforðann en einnig um sum nýyrði seinni tíma. Færeysk skýringarorð margra uppflettiorðanna eru þar af leiðandi hin sömu og sjálf íslensku orðin þótt frávik í stafsetningu séu oft einhver og því mætti halda því fram að svo umfangsmikil orðabók sem *ÍF* væri óþörf utan um tvítekningar. Ekki er þó alltaf allt sem sýnist því þótt orðin séu af sama uppruna, og þau jafnvel stafsett eins, er ekki hægt að reiða sig á að merkingin sé ætíð hin sama. Oft er um einhvern blæbrigðamun að ræða eða jafnvel ólíka merkingu en slíkir falsvinir eru nokkuð tíðir í skyldum málum. Notendur sem ekki kunna bæði málin til hlítar geta því aldrei verið fullvissir um merkinguna og einmitt þess vegna á svo ítarleg orðabók sem *ÍF* fullan rétt á sér.

Val og afmörkun orðaforðans í tvímála orðabókum er ætíð vandasamt og umdeilanlegt verk en líklega eru flestir því sammála að uppflettiorðin skuli endurspegla sem best allan almennan orðaforða nútímamáls auk sérhæfðs orðaforða á helstu sviðum sem líklegt þykir að komi almennum notendum að gagni. Vandinn við val flettiorðanna er ávallt sá að notkunarþarfirnar eru jafnfjölbreyttar og notendurnir eru og ekki einfalt mál að henda reiður á þeim og því er almennt reynt að hafa flettiorðin af sem víðtækustum toga (sbr. Jón Hilmar Jónsson 2005:23–25). Ýmis álitamál hljóta þó alltaf að vera fyrir hendi eins og hversu mikið vægi talmálsorð, mállýskubundin orð eða orð úr eldra máli sem horfið hafa úr notkun eigi að hafa, eða hvort slíkur orðaforði eigi yfirleitt erindi í tvímála orðabækur.

Ekki þarf lengi að blaða í ÍF til að rekast á ýmis flettiorð sem spyrja má hvort heima eigi í bók af þessum toga vegna þess hve sérkennileg eða sjaldgæf þau eru, jafnvel framandi íslenskum málnotendum. Enda er það svo að mörgum þessara orða fylgir íslenskt skýringarorð innan sviga aftan við flettiorðið sem er afar óvanalegt í tvímála bókum en er vísbending um að bókin sé ekki eingöngu hugsuð fyrir Færeyinga heldur einnig Íslendinga því vart gagnast slíkar skýringar öðrum en þeim sem kunna skil á viðfangsmálinu. Hér eru nefnd nokkur dæmi um slík orð ásamt meðfylgjandi skýringum þar sem um þær var að ræða:⁴

- (1) *angráður*, *annögl* (= fénögl), *apur* 1 (= harður, bitur; kuldalegur) 2 (= hryggur, dapur), *arðmiði*, *berja* (= tína ber), *bessaþeyr* (þíður vindur á norðan), *fruggulykt* (= myglulykt), *glufra* (= fljótfær og fasmikil kona), *gluggaþykkn[il]*, 1. *glumra* (= hávær stúlka), 2. *glumra* (= glymjá, buldra), 1. *glyppja* (= gisið, lausofið klæði, laust prjón), 2. *glyppja* (= prjóna mjög laust), *himpulið* (*hempulið*, *humpulið*) (= hyski, liðleskjur), *ofkvæni* (= konuríki), *oggbólglá* (= ofreyna; skamma), *rúskota* (= róta til, færa úr lagi), *skolaköttur*, *skump* (= fall, hrún), *skúlkur* (bitlaus hnífur), *skúllkvíður* (um klæði), *smeitur* (= skráma, mar), *vílgra* (*vílgra*) (um hunda), *vömmóttur* (= rellinn)

Athugun á þessum orðum í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans staðfesti hversu fátíð þessi orð eru í íslensku máli en af þessum 24 orðum

⁴Skýringarnar eru hér sýndar nákvæmlega eins og þær eru settar fram í ÍF, ýmist með táknuinu = eða ekki.

fundust engin dæmi um 7 þeirra (*berja*, *glufra*, *himpulið*, *skúlkur*, *skúlk-víður*, *vilgra*, *vömmóttur*), 10 eða færri dæmi um 12 orðanna (*annögl*, *arðmiði*, *bessaþeyr*, *gluggaþykkn[i]*, *glumra* (1. no. og 2. so.), *glyppja* (1. no. og 2. so.), *ofkvæni*, *skolaköttur*, *skump*, *smeitur*) og um þrjú þeirra var dæmafjöldi ekki tilgreindur (*fruggulykt*, *oggból[gl]a*, *rúskota*), en í slíkum tilvikum mun fjöldinn oftast vera undir fimm dæmum. Um eitt orðanna (*apur*) fundust 16 dæmi og 47 um annað (*angráður*). Um helmingur þeirra 17 orða sem dæmi voru um í Ritmálssafninu komu einungis fyrir í textum eldri en frá því fyrir miðja 20. öld og geta þau orð því vart talist til virks orðaforða í íslensku máli. Þetta voru orðin *apur*, *fruggulykt*, *glumra* (1. no.), *glyppja* (2. so.), *ofkvæni*, *oggból[gl]a*, *skump* og *smeitur*.

3.2 Samanburður á ÍF og ÍO

Við athugun á ÍO fundust öll orðin í (1) að einu orði undanskildu (*glufra*). Auk þess kom í ljós að íslensku skýringarnar aftan við fletti-orðin í ÍF eru teknar orðréttar upp úr merkingarskýringum ÍO með einni undantekningu (*bessaþeyr*).⁵ Það bendir sterklega til þess að orðaforðinn sé fenginn frá ÍO, eins og komið var inn á í 2. kafla.⁶ Af orðavalinu í (1) að dæma vaknar sú spurning óhjákvæmilega hvort orðaforðinn hafi verið tekinn óbreyttur upp í ÍF án þess að horft hafi verið til þess að stærsti notendahópurinn er væntanlega annar en sá sem ÍO var upphaflega samin fyrir og þarfir hans því aðrar. Til að kanna það var gerður nákvæmur samanburður á einni opnu í ÍF við sambærilegan stað í stafrófinu í ÍO. Efnið sem lagt var undir kann að virðast lítið en úrtakið er þó alveg nægjanlega stórt til að fá skýra mynd af einkennum orðaforðans, og uppbyggingu flettugreinanna (sjá 4. kafla), mynd sem heimfæra má á orðabókina í heild.⁷

⁵Oft eru skýringarorðin í ÍO reyndar fleiri en við sömu orð í ÍF.

⁶Þessi orð er einnig langflest að finna í útgáfu *Íslenskrar orðabókar* frá 2002. Aðeins orðin *berja*, í merkingunni 'tína ber', og *glumra* (= hávær stúlka) fundust ekki þar.

⁷Hér skal tekið fram að athugun þessi beindist að útgáfu *Íslenskrar orðabókar* frá 1983 enda sú útgáfa sú eina sem nefnd er í heimildaskrá ÍF. Þrátt fyrir að þriðja útgáfa *Íslenskrar orðabókar* (2002), sem er verulega endurskoðuð frá fyrri útgáfu, hafi komið út þremur árum fyrir en ÍF verður að gera ráð fyrir því að stuðst hafi verið við útgáfuna frá 1983 enda margra ára vinna sem liggur að baki slíku orðabókarverki sem ÍF, eins og fram kemur í formála (bls. 7), og verkið að öllum líkindum nánast fullklárað þegar þriðja útgáfa *Íslenskrar orðabókar* kom út. Því var ekki ráðist í samanburð á ÍF og þriðju útgáfunni en lausleg athugun gefur ekkert til kynna sem bendir

Fyrir valinu varð stafurinn D, frá orðinu *dáti* til orðsins *dik* í *ÍF*. Þessi eina opna, fjórir dálkar, samsvarar tæpum tveimur opnum í *ÍO* eða sjö og hálfum dálki. Brot bókanna er hið sama og eins er letur og leturfloður af sömu stærð svo af umfanginu einu er augljóst að ýmislegt hefur ekki verið tekið upp í *ÍF*. Í formála *ÍO* segir (bls. ix) að uppflettiorð hennar séu talin vera um 85.000 sem er um 40% fleiri orð en í *ÍF* en þau eru um 51.000 (sbr. 2. kafla). Þessi munur endurspeglast vel í samanburðarkaflanum því í honum reyndist fjöldi flettiorða *ÍO* vera 192 á móti 111 flettiorðum í *ÍF*, eða 42% fleiri.

Í reynd er munurinn enn meiri því þó nokkuð er af samsettum flettiorðum í *ÍF* sem í öllum tilvikum er gerð grein fyrir í undirflettum í *ÍO*. Séu þau undanskilin fækkar flettiorðunum í *ÍF* allnokkuð. Taka má dæmi af samsetningum með fyrri liðnum *deilu-*. Undir flettiorðinu *deiluadili* í *ÍO* eru tilgreind orðin *deiluatriði*, *deiluefni*, *deilugjarn*, *deilumál*, *deilurit*, *deilusamur*, allt innan einnar og sömu flettugreinar.⁸ Í *ÍF* er hvert og eitt þessara samsettu orða sjálfstætt flettiorð að frátöldu orðinu *deilurit* en athugun sýndi einmitt að samsett orð eru heldur færri í *ÍF* en í *ÍO*. Þessi ólíka meðhöndlun samsettra orða tekur mið af helsta markhópi hvorrar orðabókar fyrir sig. Notendur tvímála orðabóka kunna yfirleitt ekki skil á samsetningarmöguleikum orðstofna viðfangsmálsins og því er eðlilegt að hægt sé að fletta samsettum orðum beint upp í slíkum orðabókum. Öðru máli gegnir fyrir notendur sem hafa viðfangsmálið að móðurmáli. Þeir geta rakið sig áfram út frá fyrri lið samsetninga og því er ekki eins mikil þörf á því að samsettum orðum séu gerð skil sem sjálfstæðum flettum í móðurmálsorðabókum.⁹

En í hverju liggur munurinn á fjölda flettiorðanna í *ÍO* og *ÍF*? Hvaða orð er ekki að finna í *ÍF*? Er um skipulega ritstýringu á orðaforðanum að ræða? Samanburðurinn á úrtakinu úr stafkaflanum D leiddi í ljós að staðið hefur verið skipulega og skynsamlega að verki við grisjun orðaforðans í *ÍO* eins og hér verður nú greint frá. Orð af eftirfarandi gerð er undantekningalaust ekki að finna í *ÍF*:

til þess að stuðst hafi verið frekar við þá útgáfu.

⁸Framsetning er að vísu með öðrum hætti. Samsetningarskil eru sýnd í flettiorðinu sjálfu, *deilu-aðili*, og samsetningum er komið á framfæri með því að sýna síðari lið eingöngu eftir bandstriki: – *atriði*.

⁹Í *Íslenskri orðabók* (2002) er reyndar oftast farin svipuð leið og í *ÍF*: Samsetningar eru þar sjálfstæðar flettur í velflestum tilvikum.

- (2) a. eiginnöfn: *Davíð, Díanna*
- b. heiti bókstafa: *dé*
- b. skammstafanir: *db, DDR, des.*
- c. fyrri eða síðari samsetningarliðir: *desí-, -depla,*

Mjög mikið er af sérmerktum orðum í *ÍO* og lætur nærri að helmingur orðaforðans sé merktur sértáknum. Orð þessi eru af hinum ýmsu sviðum svo sem úr eldra máli, kveðskap, ýmsum sérfræðigreinum og eru þar orð úr dýrafræði og grasafræði einna flest, auk þess sem staðbundinn orðaforði er allnokkur (sjá Guðrúnu Kvaran 1998; sjá einnig Mörr Árnason 1998). Í *ÍF* er hins vegar ekki mikið af staðbundnum orðaforða, orðum úr skáldamáli eða öðrum fornyrðum. Hið sama má segja um sérfræðiorð ýmiss konar, þeim er mjög stillt í hóf í *ÍF*. Taldist mér til að í úrtakinu sem kannað var væru í *ÍF* 14 orð eða merkingar táknud sem sérfræðiorð ýmiss konar, eða um 13% flettiorðanna, en 68, eða um 35%, í *ÍO*.

Afar lítið er af orðum í *ÍF* merktum með spurningarmerki sem „ljótt (vont) mál“ (bls. 13) en töluvert er af slíkum orðum í *ÍO*. Flest þeirra eru aðkomuorð af ýmsu tagi, misvel aðlöguð íslensku. Reyndar virðist sem meðvituð stefna hafi verið að taka ekki með orð af erlendum uppruna í *ÍF* eða takmarka fjölda þeirra, a.m.k. fundust þau sárafá, en þó nokkuð er hins vegar af slíkum orðum í *ÍO* oft án nokkurrar merkingar. Í broti stafkaflans D sem til athugunar var er aðeins eitt stjörnumerkt orð, *?dempari*, sem auk þess er sérmerkt sem iðnaðar- og tækniorð. Í *ÍO* eru auk þess orðin *?daviða*, *?dekklest*, *?della* (í merkingunni 'ástarpungur', líka merkt sem staðbundið), *?dentíð* og *?desímal-kerfi*. Einu ómerkta aðkomuorðin í *ÍF* eru orðin *debet* og *desílítri* en í *ÍO* eru þau mun fleiri, t.d. *demókrati*, *depónera*, *desember* og *desíbel*. Hugsanlega er hér haft að sjónarmiði að notendur *ÍF* þurfi ekki að fletta upp erlendum orðum sem þeir kunna að rekast á í íslenskum texta, þau séu þeim skiljanleg, en þó er allt eins líklegt að málræktarsjónarmið hafi ráðið hér mestu um orðavalið.

Segja má að fágætari orð eða orðamerking sem allnokkuð er af í *ÍO* hafi almennt ekki ratað á síður *ÍF* og orðaforðinn samanstandi að stærstum hluta af almennu orðafari sem rekast má á í rituðum textum íslenskum af margvíslegu tagi. Hér munar auðvitað líka miklu um fækkun sérmerktra orða af ýmsu tagi eins og rakið hefur verið. Þau orð sem talin eru upp í (1) eru því frekar til marks um undantekningu en reglu. Þetta er vitaskuld ályktun sem dregin er af örlitlu úrtaki en

sem dæmi má nefna að orðin *dávakur*, *defill*, *demla*, *denging* og *densa* sem öll eru í *ÍO* er ekki að finna í *ÍF*. Sama er að segja um fágætari merkingu orðanna *dekur* 'óþarft skraut', *deli* 'defill, skrambi' og 'stuttur, digur hákarl', *demba* 'hröð reið' og *derringur* 'kaldi, stinnur vindur' svo tiltekin séu fáein dæmi.

Hér hefur nú verið gerð grein fyrir ýmsu orðafari sem finna má í *ÍO* en ekki í *ÍF* og þá leiðir beint að spyrja hvort einhverjar viðbætur sé að finna í *ÍF*, einhver orð sem ekki eru í *ÍO*? Samanburðurinn á úrtakinu úr stafkaflanum D leiddi í ljós að nokkur orð í *ÍF* eru ekki í *ÍO* og það á enn fremur við um nokkur notkunardæmi í flettugreinunum (sjá 4. kafla). Þau orð sem bætast við eru *deildarstrik*, *deilinn*, *deilitöluorð*, *deilugirni*, *dekkvakt*, *demantbor*, *deplaháfur*, *desílítri*, *deyfðarlegur*, *deyfubragð* og *digg*. Aðeins eitt þessara orða var að finna í útgáfu Íslenskrar orðabókar frá 2002, orðið *digg* í merkingunni 'ástleitni, daður'. Enn fremur voru á stöku stað notuð önnur orð í íslenskum skýringum en við sömu flettiorð í *ÍO*. Þannig er t.d. orðið *deiggerður* skýrt með samheitinu *kveifarlegur* en í *ÍO* með orðinu *lingerður*.

En hvað með ýmis nýleg nýyrði í íslensku máli, hafa þau skilað sér í *ÍF*? Flett var upp dágóðum fjölda nýyrða sem að því best verður talið hafa orðið til síðustu tvo áratugi eða svo, eða eftir að *ÍO* kom út.¹⁰ Leit að eftirfarandi orðum bar ekki árangur:

- (3) *aksturstölva*, *alnet*, *amapóstur*, *áfallahjálp*, *áfangageimili*, *árangursstjórnun*, *barnvænn*, *beinþéttni*, *birgir*, *bókakaffi*, *breiðband*, *burðardýr*, *djúpviðtal*, *einkadans*, *einkapjálfun*, *erfðabreyttur*, *fellihýsi*, *fjarfundur*, *fjölþóstur*, *flatskjár*, *foreldrarölt*, *geðhvörf*, *hardkornadekk*, *heimasíða*, *hnattvæðing*, *hringitónn*, *jafningjafraðsla*, *lífsýni*, *lýðheilsa*, *mannauður*, *markþóstur*, *meðvirkur*, *minniskort*, *netbanki*, *nýbúi*, *prentvænn*, *samlegðaráhrif*, *sítenging*, *skjávarpi*, *staðalbúnaður*, *staðalímynd*, *úrvalsvísitala*, *veffang*, *vefsíða*, *vefslóð*, *veiðikort*, *vetnisbíll*, *vistvænn*, *þekkingarsamfélag*, *þjóðlenda*, *ærumorð*

¹⁰ Ágústu Þorbergsdóttur, málfræðingi á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, kann ég bestu þakkir fyrir að hafa látið mér í té lista um nýleg nýyrði, almenn sem sérhæfðari, sem hún tók saman árið 2005. Nokkur nýyrðanna sem athuguð voru eru viðbætur mínar.

Þessi orð fundust hins vegar:

- (4) *aðgangsorð, áhættufjármagn, beinþynning, einhverfur, einka-væða, einræktun, farsími, fartölva, fjarhitun, geislaspilari, les-blinda, margmiðlun, netfang, streita, tungutækni, tölvuprjót-ur*

Athugað var hversu mörg þessara orða útgáfa *Íslenskrar orðabókar* frá 2002 innihéldi. Reyndust það vera öll orðin í (4), að orðinu *fjarhitun* frátöldu, og tæpur helmingur orðanna í (3).

Vart þarf að taka fram að langfæst nýyrðanna í (3) og (4) fundust í *ÍO* frekar en búist var við þar sem þessi orð eru öll frekar ný af nálinni, en það var þó kannað sérstaklega til að ganga úr skugga um það. Að-eins orðin *lesblinda* og *streita* voru í bókinni enda líklega nokkuð eldri orð en flest hinna.

Sum nýyrðanna sem leitað var að eru líklega svo ný í málinu að þau hafa ekki verið orðin útbreidd meðan á vinnu við *ÍF* stóð og því kann að þykja til of mikils mælt að ætla þeim öllum stað í bókinni. Mörg þessara nýyrða sem voru í útgáfu *Íslenskrar orðabókar* frá 2002 reyndust sérmerkt ýmsum sviðum, svo sem viðskiptafræði, tölvum og stjórnsýslu, en flest þeirra skírskota hins vegar til nútímasamfélags-hátta og eru mjög tíð í almennri umræðu og því má telja fulla ástæðu til að vænta þeirra í almennri orðabók.

Niðurstaða þessa samanburðar er sú að orðaforðagrunnur *ÍF* er í stærstu dráttum hinn sami og í *ÍO*. Allnokkur grisjun hefur þó átt sér stað því uppflattiorðum hefur verið fækkað töluvert með hlutverk bókarinnar sem tvímála bókar að leiðarljósi. Á hinn bóginn er einnig nokkuð um viðbætur frá höfundi, bæði nýyrði sem önnur orð.

4 Uppbygging flettugreina

Eins og fram kom í kaflanum hér að framan er orðaforði *ÍF* að mestu fenginn frá *ÍO*. Það ætti því ekki að koma á óvart að hið sama gildi-ir um formlega uppbyggingu flettnanna og hvernig málfræðilegum upplýsingum um flettiorðin er hagað. Í þeim efnum er farið eftir hin-um aðfengna grunni úr *ÍO* í nánast óbreyttri mynd að því undanskildu að undirflettum hefur verið fækkað allverulega. Umfjöllun um flettu-greinarnar hlyti því að beinast í raun allt eins, eða jafnvel enn frekar, að *ÍO* eins og að *ÍF* og því verður skipan flettugreina einungis gerð

lausleg skil hér enda komið út fyrir ramma þessarar greinar að öðrum kosti.

Flettugreinar eru byggðar upp á vanalegan hátt. Á eftir uppfletti-orðinu eru hefðbundnar grundvallarupplýsingar um beygingu orðsins:

- (5) a. Kenniföll no. (ef.et. og nf.ft.) og kyn (**fundur, -ar, -ir**).
- b. Þátíðarendingar veikra sagna (**tapa, -aði**).
- c. Kennimyndir sterkra sagna (**bresta, brast, brustum, brostið**).
- d. Hljóðverptar beygingarmyndir fallorða (**alda, öldu, öldur; sonur, -ar, synir**) og sagnorða (**telja, taldi**).
- e. Nokkurs ósamræmis gætir í því hvort hljóðverptar myndir nútíðar eintölu sterkra sagna eru sýndar. Svo er t.d. um sagnirnar *auka, ausa, bjóða, sofa, troða* en hins vegar ekki um sagnirnar *ganga, halda, koma, sjá, sjóða, vaxa* svo fáeinar séu nefndar.¹¹
- f. Hljóðverptar kvenkynsmyndir lýsingarorða virðast almennt ekki tilteknar (**gláður; fagur**).
- g. Allur gangur er á því hvort hljóðverpt stigbeyging er sýnd eða ekki (**ungur**) en (**stór**, (mst. **stærri**, hst. **stærstur**)).

Beinar setningafræðilegar upplýsingar svo sem um fallstjórn og áhrifsgildi eru af skornum skammti eins og reyndar alvanalegt er um orðabækur en ýmsar óbeinar upplýsingar má þó oft sjá af notkunardæmum (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1998:29–30; Kristínu Bjarnadóttur 2006:39–40). Gagnlegt hefði verið ef höfundur hefði bætt við beinum upplýsingum um fallstjórn sagna eins og t.d. sjá má með öllum sögnum í *Íslensk-enskri orðabók*, notendum til mikilla þæginda.

Á eftir beygingarupplýsingum er orðaflokks getið (einungis kyns fyrir nafnorð) og þar á eftir fer færeysk þýðing á orðinu. Í tvímála-orðabókum er jafnan lögð mest áhersla á merkingarþáttinn þar sem leitast er við að koma merkingu og vísun uppflettiorðsins til skila með sem bestri samsvörun með jafnheitum í markmálinu (sbr. Jón Hilmár Jónsson 1985:188–189, 2005:26–28). Ekki verður lagt mat á hvernig til hefur tekist almennt með þýðingarnar en ekki verður betur séð en hér sé vel að verki staðið enda naut höfundur leiðsagnar virtra fær-

¹¹Hljóðverpta nútíðarmyndin kemst til skila í notkunardæmum fyrir sumar sagnanna en ekki allar.

eyskra málfræðinga og orðabókarhöfunda í þessum efnum. Jafnheitin eru gjarnan fleiri en eitt og hefði e.t.v. stundum mátt fækka þeim til að skerpa á merkingarsamsvöruninni, einkum í þeim tilvikum þegar um er að ræða samheiti með örlitlum breytileika í orðmyndun. Dæmi má taka af lýsingarorðinu *deilugjarn* þar sem gefin eru ein sjö færeysk orð: *klandursamur, klandringarsamur, trætinn, trætutur, knarrutur, grenjutur, kjakutur*, eða af einni merkingu sagnarinnar *deila* sem er komið til skila með sjö jafnheitum: *kjakast, keglast, deila, deilast, klandrast, munnhøggast, kantast*. Á hinn bóginn má segja að með því að gera ekki upp á milli hugsanlegra jafnheita sé það sett í hendur notandans að finna hið rétta orð hverju sinni eftir samhengi enda oftast um einhvern blæbrigðamun að ræða.

Þótt færeyskar þýðingar íslensku flettiorðanna hafi ekki verið at-hugaðar skipulega, eins og fram hefur komið, voru þó kannaðir nokkrir falsvinir, þ.e. íslensk orð sem líkjast orðum sem einnig eru til í færeysku en hafa aðra merkingu.¹² Hér eru tilgreind nokkur þeirra:

- (6) *ánægður, bjálfi, gallabuxur, horast, kenna, liðugur, mállýska, menning, menntun, orðtak, renna, ruddalegur, skref, sleppa, stoltur, stuttlegur, synda, örkumlaður*

Af jafnheitunum að dæma verður ekki betur séð en vel hafi tekist að koma hinni réttu merkingu til skila svo af taki allan vafa um hugsanlegan misskilning. Þó er nokkuð undarlegt að sjá þýðinguna *arbeiðsbuksur; klædningsbuksur* fyrir íslenska orðið *gallabuxur* en ekki hið almenna orð, tökuorðið *jeans*, sem alla jafna er notað um þess háttar buxur í færeysku, enda gallabuxur ekkert frekar vinnubuxur nú á tímum en aðrar gerðir af buxum nema síður sé. Hér hefur hreintungusjónarmið komið í veg fyrir að rétt merking orðsins kæmi fram.

Eins og fram kom í 3.1 fylgir mjög oft íslensk skýring, yfirleitt í formi samheitis, innan sviga á eftir flettiorðinu og er hún fengin úr skýringargreinum sömu orða í ÍO. Á þetta einkum við um orð sem höfundur metur, réttilega í flestum tilvikum að því best verður séð, sem sjaldgæf orð í nútímamáli og hefur þá væntanlega haft íslenska notendur í huga, sbr. umfjöllun í 3.1. Stundum er þó seilst heldur langt í þessum efnum. Þannig fylgir t.d. merkingarskýring eftirfarandi orðum svo fáein dæmi séu tekin:

¹²Í sumum tilvikum eru örlítill frávik í stafsetningu eða mynd sambærilegra færeyskra orða.

- (7) *bráðræði* (= fljótfærni, glapræði), *fjargviðrast* (= fjasa, fjöl-yrða), *fullreyna* (= þrautkanna alla möguleika), *hraklegur* (= smánarlegur, skammarlegur), *lausagangur* (= hæga-gangur, tómagangur), *leyniþjónusta* (njósnastarfsemi í [svo!] vegum ríkisstjórnar), *talnaband* (= bænaband)

Ætíð fylgir einnig merkingarskýring innan sviga þar sem gerð er grein fyrir ólíkri merkingu margræðra orða í sundurliðuðum undirflettum og eru þær einnig í langflestum tilvikum teknar úr *ÍO*. Eins og með aðrar merkingarskýringar gagnast þær einnig fyrst og fremst íslenskum notendum til að finna hið rétta færeyska jafnheiti hverju sinni.

Sérkennilegri eru þó grískar skýringar og orðfræðilegar upplýsingar ritaðar með grísku lettri sem finna má í stöku flettum, einkum með sérhæfðum orðaforða af ýmsu tagi. Hér er eitt slíkt dæmi:

- (8) **myntsöfnun, -ar**, kv. *myntsavning* (gr. νομισματολογία < νόμισμα ef. νόμισμας mynt + λόγια orð, fræði, þekking).

Spyrja má hver tilgangurinn með slíkum skýringum sé annar en alfræðilegur því í langfæstum tilvikum bæta þær nokkru við merkingarskýringu uppflöttiorðanna. Hér hefur áhugasvið höfundar fengið að ráða helst til miklu en hann hefur eins og fram kemur í formála *ÍF* (bls. 7) lengi fengist við smíði grísk-íslenskrar orðabókar. Fyrirmyndina er a.m.k. ekki að finna í *ÍO*. Það á hins vegar oft við um latnesk tegundaheiti við dýra- og plöntuheiti og önnur sérhæfð orð sem víða standa við færeysku merkingarskýringarnar.

Margræðri merkingu eins og sama orðs er haldið aðgreindri og komið á framfæri í tölusetnum undirflettum. Yfirleitt er einungis algengari merking sýnd og fágætari sleppt eins og samanburður við *ÍO* á hluta stafkaflans D leiddi í ljós og greint var frá í 3.2. Þar voru nefnd eftirfarandi dæmi um sjaldgæfari merkingu orða sem tilgreind er í *ÍO* en ekki í *ÍF*: *dekur* 'óparft skraut', *deli* 'defill, skrambi' og 'stuttur, digur hákarl', *demba* 'hröð reið' og *derringur* 'kaldi, stinnur vindur'.

Orðasamböndum og notkunardæmum af ýmsu tagi sem undirskipuð eru einstökum flettugreinum er í hóf stillt og yfirleitt eru þau mun færri en undir sambærilegum flettiorðum í *ÍO*. Þau eru þó með því sama marki brennd og í *ÍO* að vera af ýmsu tagi og ekki alltaf ljóst hvað ræður niðurröðun þeirra sem er reyndar oftast raunin um íslenskar orðabækur að mati Jóns Hilmars Jónssonar (2005:28). Taka má dæmi af sögninni *deila*. Þar eru aðeins nefnd tvö sambönd: *það*

deilir fyrir e-u í merkingunni 'greina' eða 'grilla' og *deila við e-n* í merkingunni 'þrátta'. Fyrir sama orð í *ÍO* er tilgreindur fjöldinn allur af orðasamböndum og notkunardæmum sem mörg hver eru afar langt frá venjubundinni notkun eins og t.d. *deila e-m e-ð*, *deila við e-n mat og svefn* og *það deilir ekki dropum*. Hér hefur því fækkun orðasambanda í *ÍF* verið til mikilla bóta.

Þótt almennt sé þessi hátturinn hafður á með orðasambönd í *ÍF* hefur þó verið aukið orðasamböndum í sumum flettugreinum frá því sem er í *ÍO*. Dæmi um slíkt er nafnorðið *deila*. Í *ÍO* er aðeins um að ræða skýringarorð (*þræta*, *senna*, *þjarka*) en í *ÍF* er flettugreinin mun umfangsmeiri og tilgreind nokkur alvanaleg notkunardæmi: *eiga í deilum við e-n*, *koma deilum af stað*, *valda innbyrðis deilum með þeim*, *það varð áköf deila milli þeirra (með þeim)* og einnig *það er deilt á báða bóga* sem ætti reyndar heima undir sögninni *deila*.

Með slíkri úrvinnslu og fækkun á undirmerkingum og notkunardæmum sem hér hefur verið lýst þjónar *ÍF* tvímælalaust betur markmiði sínu sem tvímálaorðabók fyrir notendur sem hafa viðfangsmálið, íslensku, ekki að móðurmáli.

5 Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um nokkur atriði í sambandi við fyrstu íslensk-færeysku orðabókina, einkum hefur þó athyglin beinst að íslenskum orðaforða hennar. Ekki varð komist hjá samanburði við *Íslenska orðabók* útgefinni 1983 sem nefnd var í lista yfir orðteknar bækur og auðsýnt þótti að hefði verið notuð sem fyrirmynd og orðabókargrunnurinn að mestu fenginn frá henni, bæði hvað varðar orðavalið og uppbyggingu flettugreinanna. Höfundur *ÍF* hefur þó lagað grunninn að ólíkri nálgun viðfangsmálsins, íslensku, sem erlends máls einkum með því að fella niður fátíðari eða sérhæfðari orð og merkingar og er það yfirleitt til mikilla bóta. Einnig hefur verið aukið við orðum en þó mætti vel vera meira af nýlegum orðum í bókinni sem endurómuðu betur íslenskt samfélag nú á dögum. Fundið hefur verið að ýmsu, og mörgu kannski smálegu, eins og gengur en niðurstaðan er samt sú að mikill fengur er að þessari bók fyrir þá sem láta sig þessi náskyldu tungumál varða því nú er loks hægt að nálgast upplýsingar um færeysk jafnheiti alls almenns orðaforða íslensku og gott betur milliliðalaust.

Heimildir

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1998. Málfræði í íslenskri orðabók: Hvernig og til hvers? *Orð og tunga* 4:25–32.
- Guðrún Kvaran. 1998. Uppruni orðaforðans í „Íslenskri orðabók“. *Orð og tunga* 4:9–15.
- Íslendskur-føroyskur orðalisti. 1995. Nordisk språksekretariat.
- Íslensk-ensk orðabók. Concise Icelandic-English dictionary. 1989. Ritstjórar Sverrir Hólmarsson, Christopher Sanders og John Tucker. Iðunn, Reykjavík.
- Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Mördur Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Íslenzk orðabók handa skólum og almenningi. 1963. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. 1983. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Íslensk-þýsk orðabók. Isländisch-deutsches Wörterbuch. 1993. Ritstjóri Björn Ellertsson. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1985. Ritdómur um Íslenska orðabók handa skólum og almenningi. *Íslenskt mál* 7:188–207.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. Aðgangur og efnisskipan í íslensk-erlendum orðabókum — vandi og valkostir. *Orð og tunga* 7: 21–40.
- Kristín Bjarnadóttir. 2006. Málfræði í orðabókum. *Orð og tunga* 8:27–43.
- Morgunblaðið 19. janúar 2006 = http://www.mbl.is/mm/mogginn/blad_dagsins/bl_grein.html?grein_id=1061503 [Sótt 22.10.2007]
- Mördur Árnason. 1998. Endurútgáfa Íslenskrar orðabókar: Stefna — staða — horfur. *Orð og tunga* 4:1–8.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskóla Íslands = <http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?id=1022171>
- Sanders, Christopher. 2005. Bilingual Dictionaries of Icelandic: Types of Users and their Different Needs — a Discussion. *Orð og tunga* 7:41–57.

Þóra Björk Hjartardóttir
Hugvísindadeild Háskóla Íslands
101 Reykjavík
thorah@hi.is